

Ársfundur FEDON - 29. maí 2017

Flutningsmaður: Einar Pétur Heiðarsson

ÁLYKTUN FEDON

um fjármögnun starfsemi félagsins

FEDON ályktar að fela formanni FEDON að taka upp formlegt samtal við rektor Háskóla Íslands um fjármögnun FEDON.

Núverandi skipan mála á réttindabaráttu framhaldsnema og nýdókora við Háskóla Íslands er að mati fundarins ófullnægjandi. Nemendafélög í einstökum sviðum eru fámenn; illa gengur að skipa stjórn FEDON; lítið sem ekkert samband er á milli FEDON og SHÍ; FEDON hefur ekki burði til þess að sinna alþjóðastarfi sem það er þó aðili að.

Fjármögnun FEDON er einnig ákveðnum annmörkum háð. Allir doktorsnema og nýdóttorar eru meðlimir í félaginu en ekkert formlegt félagatal liggur fyrir og engin félagsgjöld eru greidd. Þetta veldur því að erfiðlega gengur að sækja styrki til Stúdentasjóðs HÍ.

Fundurinn leggur til að úttekt verði gerð að möguleikum félagsins til þess að fjármagna starfsemi þess. Einnig verði metið hvort rétt sé að hluti skráningargjalds HÍ renni beint til félagsins. Í framhaldi af þessari vinnu telur fundurinn að rétt sé að leita til rektors HÍ um mögulega aðkomu hans að lausn þessa máls.